

Fundargerð

10. fundur

Atvinnumálanefnd kom saman til fundar í fundarherbergi Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn 8. janúar 2008.

Mætt voru: Nanna Steina Höskuldsdóttir, formaður sem einnig ritar fundargerð, Marínó Jónsson, Agnar Jónsson og Indriði Þóroddsson. Einnig sátu fundinn Sif Jóhannesdóttir og Björn G. Björnsson.

Fundurinn hófs kl. 12:10.

Dagskrá.

1. Mál. Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi.

Sif kynnti og sagði frá fundi sínum við Markaðsstofu. Drög af samningnum skoðuð. Samþykkt að endurskoða samninginn í febrúar og bera þá saman nýju síðuna hjá A.Þ. og þessa síður hjá Markaðsstofu.

2. Mál. Akstursíþróttabraut.

Sif greindi frá samtölum sínum við aðila í akstursíþróttageiranum. Samþykkt að Sif skoði málið áfram og reyni að þrýsta á einstaklinga til að stofna klúbb um Íþróttina.

3. Mál. Útilegukortið.

Kortið kynnt. Með útilegukortinu gefst eiganda kortsins að gista endurgjaldslaust á tjaldsvæðum sem eru aðilar að kortinu fyrir alla fjölskylduna gegn kaupum á kortinu. Enginn kostnaður er fyrir sveitarfélagið en talsverð kynning. Samþykkt að Sif hafi samband við aðstendur útilegukortsins og gangi frá skráningu.

4. Mál. Önnur mál.

Mótvægisáðgerðarstyrkir. Kynntir styrkir frá ríkisstjórninni til ferðamála, reyna að fá einstaklinga til að sækja um. Umsóknir á Ferðamálastofa.is

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20.

Nanna Steina Höskuldsdóttir,ritar.